

Mannvirkjastofnun
c/o Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

Efni: Umsögn um drög að breytingum á byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að brugðist hefur verið við ákalli samtakanna um breytingar á reglugerðinni (tölvupóstur Mannvirkjastofnunar til SI, dags. 07.12.2012, með drögum að breytingum á einstökum ákvæðum byggingarreglugerðar). Það er þó engin launung að SI vilja fara aðra leið en lagt er til í drögum Mannvirkjastofnunar, þ.e. framlengja bráðabirgðaákvæði 1 fram til ársins 2014. Verði sú leið farin gefst tími til að finna lausnir sem jafnvel gætu leitt til þess að ekki þurfi að ráðast í breytingar á hinum ýmsu greinum reglugerðarinnar.

Það er skoðun SI að mjög margt sé til bóta í breytingartillögum á reglugerðinni, t.d. að búið sé að breyta mörgum ákvæðum úr „forskriftum“ í „markmiðsetningar“. Þó eru enn ákvæði í henni sem þarfnast nánari skoðunar.

Að mati SI er það ekki þjóðhagslega hagkvæmt að gerð sé krafa um að nánast öll mannvirki skuli hönnuð á grunni „algildrar hönnunar“. SI hafa í því sambandi bent á að skynsamlegra sé að haga málum þannig að hægt verði að hanna og byggja mannvirki eftir einhverskonar flokkun. Í reglugerðinni er kveðið á um ýmiskonar flokkun, t.d. í hljóðvistarkaflanum og einnig varðandi rafmagnsmál. Það er skoðun samtakanna að þó fallið sé frá ýmsum umdeildum ákvæðum, t.d. um loftræstingu og auknið umfang mannvirkja vegna rýmiskrafna og einangrunar, hefði mátt hugsa málið á heildstæðari hátt.

Til dæmis verður að hafa í huga að hætt er við að hinum efnaminni og fyrstu íbúðakaupendum verði gert erfiðara um vik að kaupa sér húsnæði. Sá hópur fólks þarf að eiga val um að kaupa ódýrara/minna húsnæði, sem þá uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði reglugerðarinnar um „algilda hönnun“.

SI vilja sérstaklega vekja athygli á því að nágrennaþjóðir okkar gera ekki jafn ríkar kröfur um „algilda hönnun“ í mannvirkjum og þessi reglugerð kveður á um. Jafnframt gefa nágrennaþjóðir okkar allt að sex ára aðlögun þegar gefin er út ný byggingarreglugerð.

Undanþágan sem bráðabirgðaákvæðið heimilar er afar matskennd og algjörlega í höndum leyfisveitenda sem hingað til hafa hagað málum með mjög mismunandi hætti. SI óttast að þetta geti í versta falli aukið á óreiðuna í kerfinu.

Vegna óvissu undanfarinna vikna við afgreiðslu leyfa á grunni undanþágunnar og fjölda mála sem nú eru til afgreiðslu óska samtökin eftir því að fresturinn til að sækja um verði framlengdur til 30. júní hið minnsta. Með því gefst gefst jafnframt hönnuðum og byggingaverktökum svigrúm til að laga sig að þessari nýju útgáfu reglugerðarinnar.

Sá mikli hraði sem hefur verið á meðferð málsins hefur leitt til þess að enn eru ákvæði í reglugerðinni sem þarfnast endurbóta. Þess vegna leggja samtökin ríka áherslu á að sá hópur sérfræðinga sem fjallað hefur um byggingarreglugerðina undanfarið í tengslum við verkefnið „Samstarf er lykill að árangri“ verði falið að yfirfara reglugerðina eftir áramót. Þannig getur hin fjölbreytilega byggingagrein öðlast sameiginlegan skilning á þessari viðamiklu og flóknu reglugerð og unnið saman að því að móta hana til framtíðar á eins nytsamlegan hátt og framast er unnt.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Orrí Hauksson, framkvæmdastjóri



Hjálögð eru drög að breytingu á byggarreglugerð nr. 112/2012 með athugasemdum eins af reynslumeiri byggingarmeisturum landsins.